

## Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2009

*Registered students at the upper secondary and tertiary level in autumn 2009*

*Samantekt* Á hverju hausti safnar Hagstofa Íslands upplýsingum um nemendur í framhaldsskólum og háskólum á Íslandi. Birtar eru tölur um skráða nemendur í skólum eftir kyni, kennsluformi, námsbrautum og stöðu í námi. Nemendum fjölgað ár frá ári og haustið 2009 eru skráðir nemendur á framhalds- og háskólastigi 48.706. Skráðum nemendum hefur fjölgað um 3,0% frá fyrra ári sem er lítið eitt meiri fjölgun en árið áður. Nemendum fjölgað á hvoru tveggja framhalds- og háskólastigi. Fjölgun er öllu meiri á háskólastigi, eða um 5,5%, á móti 1,5% á framhaldsskólastigi. Fjölgun nemenda skýrist fyrst og fremst af vexti fjarnáms á háskólastigi en nemendum í fjarnámi á framhaldsskólastigi fækkað frá fyrra ári í fyrsta skipti. Nemendur grunnskóla eru 4,0% skráðra nemenda í framhaldsskólum og hefur fækkað um fjórðung milli ára. Rúmlega eitt hundrað nemendur á grunnskólaaldri eru á undan jafnöldrum sínum í námi og því skráðir sem fullgildir nemendur í framhaldsskólum. Konur eru 56,5% allra skráðra nemenda; 52,9% skráðra nemenda í framhaldsskólum og 62,2% skráðra nemenda í háskólum. Flestir nemendur eru skráðir í bóklegt nám. Á framhaldsskólastigi eru 67,2% nemenda skráðir í bóklegt nám og á háskólastigi eru 98,1% nemenda skráðir í fræðilegt nám. Doktorsnemum hefur fjölgað um 31 frá fyrra ári og eru nú 314 í námi á 44 fræðasviðum.

### Inngangur

*Gögn fengin frá skólum*

Hagstofa Íslands hefur tekið saman yfirlit yfir fjölda skráðra nemenda í framhaldsskólum, sérskólum og háskólum á Íslandi haustið 2009. Upplýsingum var safnað frá skólunum og úr miðlægu nemendaskrárkerfi framhaldsskólanna, INNU. Gagnasöfnunin miðast við fjölda nemenda um miðjan október 2009. Óskað var eftir upplýsingum um alla nemendur skólanna þar sem tilgreint væri kennsluform, staða nemenda í námi, umfang náms og námsbraut. Í tónlistarskólum, myndlistarskólum og listdansskólum eru eingöngu taldir nemendur sem eru skráðir í nám á framhaldsskólastigi og háskólastigi. Í þessu riti má sjá fjölda nemenda í einstökum skólum eftir kyni og námsbrautum. Einnig er tekið fram hvort um kennslu í dagskóla, kvöldskóla eða nemendur í fjarnámi er að ræða. Loks er sýnd námsstaða nemenda í hverjum skóla fyrir sig. Ritið sýnir fjölda skráðra nemenda á haustmisseri. Þær tölur sem hér eru birtar eru ekki að öllu leyti sambærilegar við endanlegar tölur úr nemendaskrá Hagstofu Íslands. Í tölum um skráða nemendur eru nemendur sem stunda nám í tveimur skólum, í bæði dagskóla og kvöldskóla eða á tveimur námsbrautum, tvítaldir. Í skráningartölum fyrir haustið 2009 reyndust 5,8% nemenda vera taldir oft en einu sinni. Í endanlegum tölum nemendaskrár Hagstofunnar er



hver nemandi hins vegar aðeins talinn einu sinni. Endanlegar tölur verða tiltækar á vordögum 2010 og eru birtar í hagtöluárbók Hagstofu Íslands, *Landshögum*, og á heimasíðu Hagstofunnar.

## Tæplega 49 þúsund nemendur eru skráðir í framhalds- og háskóla

*Háskólanemum fjölgað um 5,5%*

Haustið 2009 voru alls 48.706 nemendur skráðir til náms í framhaldsskólum og háskólum hér á landi. Skráðir nemendur hafa aldrei verið fleiri, hvorki í skólum sem teljast til framhaldsskólastigs né í skólum á háskólastigi (tafla 1). Í framhaldsskóla voru skráðir 29.698 nemendur og 19.008 nemendur í háskóla. Nemendum í framhaldsskólum hefur fjölgað um 427 eða 1,5% frá síðasta ári. Í háskólum fjölgaði um 997 nemendur, eða 5,5% (mynd 1).


Nemendum hefur fjölgað á báðum skólastigum undanfarin ár. Mest fjölgaði skráðum nemendum á árunum 2001–2003 eða um 7,7–9,8%. Frá árinu 2003 hefur hægt á vexti skólakerfisins. Á árunum 2004–2007 fjölgaði skráðum nemendum um 4–5% á milli ára og á milli áruna 2007 og 2009 fjölgaði skráðum nemendum um 2,6% og 3,0%. Fjölgun nemenda á framhaldsskólastigi má að hluta til rekja til þess að stórir árgangar eru núna á framhaldsskólaaldri. Aukið framboð náms í fjarnámi skýrir að mestu fjölgun nemenda í háskólum.

*Tvítalningar í gögnum*

Á haustmisseri 2009 eru tvítalningar í gagnasafninu 5,8% en voru 6,0% haustið 2008. Þetta merkir að nemendur eru skráðir í fleiri en einn skóla, á fleiri en einni námsleið eða stundi nám með mismunandi hætti. Margir nemendur sem skráðir eru sem fjarnámsnemendur eru jafnframt skráðir í dagskólanám. Þá eru nemendur í listaskólum oft jafnframt skráðir í nám í framhaldsskólum.

### Mynd 1. Skráðir nemendur á framhalds- og háskólastigi 2000–2009

Figure 1. Registered students in schools at upper secondary and tertiary level 2000–2009



### Grunnskólanemendum í framhaldsskólum fækkar

*Grunnskólanemum í framhaldsskólum fækkar*

Hagstofan hefur kannað fjölda grunnskólanema í framhaldsskólum frá haustinu 2006 (mynd 2). Á þessu tímabili hefur grunnskólanemendum í framhaldsskólum fjölgað milli ára þar til nú. Grunnskólanemendum í framhaldsskólum fjölgaði um


9,3% á milli árunna 2007 og 2008 en um 28,2% á milli árunna 2006 og 2007. Nú bregður svo við að grunnskólanemendum sem skráðir eru í framhaldsskóla fækkar um 25,3%. Ætla má að niðurskurður til kennslu í framhaldsskólum sé ástæðan fyrir fækkun grunnskólanemenda í framhaldsskólanámi.

Á haustmisseri 2009 voru 1.090 grunnskólanemendur skráðir til náms í framhaldsskólum landsins, 455 piltar og 635 stúlkur. Grunnskólanemendur eru 4,0% af skráðum nemendum í framhaldsskólum. Stærstur hluti þessara nemenda er skráður í fáar námseiningar. Þannig voru þrír af hverjum fjórum (75,8%) grunnskólanemendum í framhaldsskólum haustið 2009 skráðir í aðeins einn námsáfangi.

Á hinn bóginn eru rúmlega eitt hundrað (109) nemendur á grunnskólaaldri, þ.e. yngri en 16 ára, skráðir fullgildir nemendur framhaldsskóla og því á undan jafnöldrum sínum í námi. Það eru 2,3% árgangs 15 ára árið 2009.

## Mynd 2. Grunnskólanemendur í framhaldsskólum 2006–2009

Figure 2. Elementary school pupils in upper secondary schools 2006–2009



## Áframhaldandi fjölgun nemenda í fjarnámi í háskólum

### Fjölgun fjarnámsnemenda í háskólum

Nemendum í fjarnámi hefur fjölgað umtalsvert á undanförunum árunum (mynd 3). Haustið 2009 voru 8.700 nemendur skráðir í fjarnám og fjölgaði um 578 frá árinu á undan, sem er 7,1% fjölgun. Fjölgun fjarnámsnema á milli árunna 2008 og 2009 á sér eingöngu stað í háskólum en í fyrsta skipti fækkar fjarnámsnemendum í framhaldsskólum á milli ára.

Haustið 2009 stunduðu 2.102 nemendur nám í kvöldskólum á landinu og hefur þeim fjölgað um 42 frá fyrra ári eða 2,0%. Kvöldskólanemendum hefur fækkað um 1.031 frá árinu 2003, þegar voru þeir flestir, 3.133 talsins. Kvöldskólanemendum hefur því fækkað um ríflega þriðjung frá árinu 2003 á sama tíma og fjöldi nemenda í fjarnámi hefur rúmlega tvöfaldast.


Alls voru 4.047 nemendur á háskólastigi haustið 2009 skráðir í fjarnám, eða 21,3% nemenda en haustið 2008 voru 18,5% nemenda á þessu skólastigi skráðir í fjarnám. Nemendum í fjarnámi á háskólastigi hefur fjölgað um 21,2% á milli ára. Á sama tímabili hefur fjarnámsnemendum á framhaldsskólastigi fækkað um 2,7%. Fjar-

námsnemendur í framhaldsskólum voru 4.653 haustið 2009 (15,7% nemenda) en voru 4.782 árið 2008 (16,3% nemenda). Rætt hefur verið um að niðurskurður til kennslu í framhaldsskólum muni koma meira niður á kennslu í fjarnámi og í kvöldskólum en kennslu í dagskólum.

Þegar gögn eru skoðuð allt aftur til ársins 2000 sést að fjölgun fjarnámsnema er aðallega á kostnað dagskólanáms til ársins 2003 en eftir það aðallega á kostnað kvöldskólanáms. Árið 2009 er hlutfall nemenda í dagskólum komið niður í 77,8% og hlutfall kvöldskólanemenda í 4,3% skráðra nemenda en hlutfall fjarnámsnemenda er 17,9% af öllum skráðum nemendum.

### Mynd 3. Nemendur í framhalds- og háskólum eftir kennsluformi 2000–2009

Figure 3. Students at upper secondary and tertiary level by mode of teaching 2000–2009



### Konur eru í meirihluta meðal skráðra nemenda

*Heilbrigði, velferð og menntun eru vinsæl námssvið hjá konum*

Konur eru umtalsvert fleiri en karlar meðal skráðra nemenda eða 6.364 fleiri. Alls stunda 27.535 konur nám á móti 21.171 körlum. Konur eru 56,5% nemenda á öllum skólastigum ofan grunnskóla en hlutur karla er 43,5%. Þegar skipting kynja er skoðuð eftir skólastigum samkvæmt íslensku menntunarflokkuninni ÍSNÁM2008 eru konur 52,3% nemenda á framhaldsskólastigi, 29,3% nemenda á viðbótarstigi, 63,5% nemenda á háskólastigi og 57,3% nemenda á doktorsstigi.

Það vekur athygli að einungis á viðbótarstigi eru konur færri en karlar meðal nemenda. Viðbótarstig er á mörkum framhaldsskóla- og háskólastigs en á þessu stigi má finna margvíslegt starfsnám, s.s. meistaranám löggiltra iðngreina, iðnfræði, leiðsögunám, ferðafræðinám, 4. stig vélstjórnar og margmiðlun.


Haustið 2009 eru nemendur skráðir til náms á 262 námsbrautir. Konur eru fleiri en karlar á 161 eða 61,4% námsbrautanna. Námsval er talsvert tengt kyni. Á 93 námsbrautum eru konur a.m.k. þrír af hverjum fjórum skráðum nemendum. Á 16 námsbrautum eru aðeins skráðir karlmenn en þar á meðal eru brautir eins og vélvirkjun, véliðnfræði, múraraiðn, rennismíði, mekatrónísk tæknifræði, netagerð, fiskeldi og kjötiðn. Námsbrautir þar sem eingöngu eru skráðar konur eru 20 en það eru brautir eins og snyrtifræði, braut fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum, tanntæknabraut,

læknaritarabraut, ljósmóðurfræði, kjólasaumur, útstillingabraut, talmeinafræði, fóttaðgerðafræði og öldrunarfræði.

Á námsbrautir sem flokkast undir heilbrigði og velferð eru skráðir 3.536 nemendur. Þar af eru konur 3.128 (88,5%). Á námsbrautum sem falla undir svið menntunar eru skráðir 3.033 nemendur. Þar af eru konur 2.511 (82,8%). Konur eru hins vegar í minnihluta á námsbrautum sem teljast til raunvísinda, verkfræði og mannvirkjagerðar hvers konar (mynd 4, tafla 3). Á brautum sem flokkast með verkfræði, framleiðslu og mannvirkjagerð eru skráðir 5.505 nemendur. Þar af eru karlar 4.573 (83,1%) en konur einungis 932 (16,9%). Í raunvísindum, stærðfræði og tölvunarfræði eru skráðir 1.803 nemendur. Þar af eru karlar 1.201 (66,6%) en konur 602 (33,4%).

#### Mynd 4. Nemendur eftir almennum sviðum náms og kyni haustið 2009

Figure 4. Registered students by broad fields of study and sex in autumn 2009



Notes: (1) Health and welfare; (2) Education; (3) Humanities and arts; (4) Agriculture and veterinary; (5) Service; (6) Social sciences, business and law; (7) General programmes; (8) Sciences, mathematics and computing; (9) Engineering, manufacturing and construction.

#### Flestir nemendur eru skráðir í almennt nám

*Almenn námsbraut fjölmennasta námsbrautinn*

Fjölmennasta einstaka námsbrautin er almennt nám á framhaldsskólastigi. Á þessu námsbraut eru skráðir 5.863 nemendur; 42,3% eru karlar og 57,7% konur. Næst fjölmennasta námsbrautin er náttúrufræðibraut en þar eru skráðir til náms 5.247 nemendur, 51,0% karlar og 49,0% konur. Fast á hæla náttúrufræðibrautar kemur félagsfræðabraut með 5.196 skráða nemendum, 38,8% karla og 61,2% konur. Þessar þrjár námsbrautir eru langstærstu námsbrautirnar í íslenskum skólum ofan grunnskóla.

Á háskólastigi eru flestir nemendur skráðir á svið viðskiptafræða en þar eru skráðir 2.526, þar af 55,5% konur. Að auki eru átta nemendur skráðir í viðskiptafræði á doktorsstigi. Næst fjölmennasta námssviðið á háskólastigi er lögfræði en þar eru skráðir til náms 1.401, þar af 55,8% konur. Á doktorsstigi eru skráðir fjórir til viðbótar í lögfræði; tveir karlar og tvær konur. Í viðskiptagreinum fækkaði nemendum frá síðasta ári um 364 eða um 12,6%. Skráðum nemendum í lögfræði fjölgaði hins vegar um 114, eða um 8,9%. Viðskiptagreinar og lögfræði eru einu námsbrautirnar á háskólastigi þar sem fjöldi nemenda nær einu þúsundi. Nemendur í grunnskóla-

kennarafræðum nálgast þúsundið en þar eru skráðir til náms 951 nemandi, þar af 85,9% konur. Í hjúkrunarfræði eru 752 skráðir nemendur og í sálfræði eru skráðir 722 nemendur. Konur eru áberandi meðal nemenda í þessum greinum en þær eru 97,3% nemenda í hjúkrunarfræðum, 85,9% nemenda í grunnskólakennarafræðum og 70,2% sálfræðinema.

### Flestir nemendur velja almennt nám á framhaldsskólastigi og fræðilegt nám á háskólastigi

*Tveir af hverjum þremur á framhaldsskólastigi velja almennt nám*

Í almennt nám á framhaldsskólastigi (ÍSNÁM 3AG og 3CG) eru skráðir 19.787 nemendur en í starfsnám (ÍSNÁM 3BP, 3CP, 3CV og 3AV) eru skráðir 9.662 nemendur. Miðað við ÍSNÁM2008 flokkunarkerfið eru því 67,2% nemenda á framhaldsskólastigi skráðir í einhvers konar almennt nám en 32,8% nemenda skráðir í einhvers konar starfsnám. Á viðbótarstigi eru hins vegar allir nemendurnir 1.031 skráðir í nám sem flokkast sem starfsnám (ÍSNÁM 4CV).


Á háskólastigi eru 98,1% nemenda skráðir í fræðilegt háskólanám (ÍSNÁM 5A) en einungis 1,9% í starfsmiðað háskólanám (ÍSNÁM 5B). Konur eru 63,8% nemenda í fræðilegu háskólanámi en 46,0% nemenda sem skráðir eru í starfsmiðað háskólanám.

*Flestir doktorsnemar í uppeldis- og menntunarfræðum*

Í doktorsnám eru skráðir 314 nemendur, 134 karlar og 180 konur. Doktorsnemum á landinu hefur fjölgað um 31, eða 11,0% frá síðastliðnu ári. Flestir doktorsnemar leggja stund á nám í uppeldis- og menntunarfræðum eða 47; 17 karlar og 30 konur (mynd 5). Næst fjölmennasta námsleiðin til doktorsprófs er lækisfræði, þar eru 13 karlar og 22 konur skráð til náms. Þriðja fjölmennasta námsleið í doktorsnámi er líffræði með 25 doktorsnema, 10 karla og 15 konur. Aðrar námsleiðir eru fámennari en alls skiptast doktorsnemar á 44 greinar.

### Mynd 5. Fjölmennustu námsleiðir í doktorsnámi (10 nemar eða fleiri)

Figure 5. Doctoral programmes with 10 or more Ph.D. students



Notes: (1) Education; (2) Medicine; (3) Biology; (4) Physics; (5) Icelandic literature; (6) Geology; (7) History; (8) Sociology.

## Skýringar á hugtökum úr ÍSNÁM2008

Íslenska náms og menntunarflokkunin ÍSNÁM2008 er byggð á alþjóðlegu menntunarflokkuninni ISCED97. Flokkunin byggist á námsleið og er tvískipt. Annars vegar er nám flokkað á stig og hins vegar á svið.

Námsstigun eru sjö, frá 0 til 6.

**0. Leikskólastig** tekur fyrst og fremst til náms í leikskóla frá þriggja ára aldri.

**1. Barnaskólastig** nær yfir nám í 1.–7. bekk grunnskóla eða samsvarandi nám.

**2. Unglingastig** nær yfir nám í 8.–10. bekk grunnskóla eða samsvarandi nám.

**3. Framhaldsskólastig** vísar til náms í framhaldskóla og viðlíka náms.

**4. Viðbótarstig** tekur til náms sem byggir ofan á nám á framhaldsskólastigi en er ekki á háskólastigi.

**5. Háskólastig** nær yfir háskólanám að doktorsnámi undanskildu.

**6. Doktorsstig** vísar til doktorsnáms.

Á námsstigum 2–5 er nám greint á grundvelli vídda sem segja m.a. til um stefnu náms og áherslu náms.

**Stefna náms** segir til um hvert námið leiðir, þ.e. til starfa á vinnumarkaði eða til frekara náms á tilteknu stigi.

**A** er nám sem stefnir að fræðilegu námi á hærri stigi.

**B** er nám sem leiðir til starfsnáms á hærri stigi.

**C** er nám sem leiðir beint út á vinnumarkaðinn eða til frekara náms á sama stigi.

**Áhersla náms** vísar til þess hvort um almennt nám eða starfsnám er að ræða.

**Almennt nám** er yfirleitt táknað með G. Þetta er nám þar sem ekki er gert ráð fyrir sérþjálfun til tiltekinna starfa né til undirbúnings fyrir starfsnám. Miðað er við að minna en fjórðungur námsins sé starfsnám.

**For–starfsnám** er yfirleitt táknað með P og er nám sem miðar aðallega að því að kynna nemendum vinnumarkaðinn og undirbúa þá fyrir frekara starfsnám. Námið veitir ekki starfsréttindi á vinnumarkaði og er starfsnám að einum fjórðungi hið minnsta.

**Starfsnám** er yfirleitt táknað með V og er nám sem undirbýr nemendur undir þátttöku á vinnumarkaði til að vinna tiltekin störf. Lokapróf á þessu stigi veitir yfirleitt tiltekin starfsréttindi á vinnumarkaði.

Nám á háskólastigi er flokkað eftir því hvort um fræðilegt háskólanám eða starfsmiðað háskólanám er að ræða.

**5A** er fræðilegt háskólanám, sem leiðir áfram til doktorsnáms.

**5B** er starfsmiðað háskólanám, sem miðar að starfi á vinnumarkaði að loknu námi.

Námsleiðir eru flokkaðar niður á svið náms. Í grófustu flokkuninni er nám flokkað á 9 almenn svið (eins stafs flokkun). Nám má greina finna niður á 25 afmörkuð svið (tveggja stafa flokkun), um 90 einstök svið (þriggja stafa flokkun) eða niður á einstakar námsbrautir (fjögurra stafa flokkun).

**Tafla 1. Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2003–2009 — lykiltölur**

Table 1. Registered students at the upper secondary and tertiary level in autumn 2003–2009 — key data

	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	Mismunur frá 2008 <i>Difference from 2008</i>	Breyting, % frá 2008 <i>Change, % from 2008</i>
<b>Skráðir nemendur alls</b> <i>Total number of students</i>	<b>38.872</b>	<b>40.497</b>	<b>42.200</b>	<b>44.129</b>	<b>46.068</b>	<b>47.282</b>	<b>48.706</b>	<b>1.424</b>	<b>3,0</b>
<b>Skólar</b> <i>Level of school</i>									
Framhaldsskólar <i>Schools at upper secondary level</i>	23.120	24.220	25.093	26.958	28.340	29.271	29.698	427	1,5
Háskólar <i>Schools at tertiary level</i>	15.752	16.277	17.107	17.171	17.728	18.011	19.008	997	5,5
<b>Kennsluform</b> <i>Mode of teaching</i>									
Dagskóli <i>Day courses</i>	31.730	32.497	34.423	35.772	37.028	37.100	37.904	804	2,2
Kvöldskóli <i>Evening courses</i>	3.133	2.907	2.542	2.377	1.996	2.060	2.102	42	2,0
Fjarnám <i>Distance learning</i>	3.959	5.022	5.151	5.980	7.044	8.122	8.700	578	7,1
Utanskóla <i>External learning</i>	50	71	84	–	–	–	–	–	–
<b>Flokkar skóla og kennsluform</b> <i>Type of schools and mode of teaching</i>									
Menntaskólar <i>Grammar schools</i>	5.395	5.759	5.966	6.545	6.725	6.780	7.127	347	5,1
Dagskóli <i>Day courses</i>	4.995	5.250	5.425	5.624	5.730	5.819	6.028	209	3,6
Kvöldskóli <i>Evening courses</i>	397	474	310	278	232	168	221	53	31,5
Fjarnám <i>Distance learning</i>	–	24	230	643	763	793	878	85	10,7
Utanskóla <i>External learning</i>	3	11	1	–	–	–	–	–	–
Fjölbrotaskólar <i>Comprehensive schools</i>	16.908	17.397	18.038	19.281	20.134	18.369	18.121	-248	-1,4
Dagskóli <i>Day courses</i>	12.704	13.166	13.605	14.522	15.085	13.667	14.021	354	2,6
Kvöldskóli <i>Evening courses</i>	2.261	1.979	2.006	1.861	1.671	1.163	981	-182	-15,6
Fjarnám <i>Distance learning</i>	1.896	2.192	2.344	2.898	3.378	3.539	3.119	-420	-11,9
Utanskóla <i>External learning</i>	47	60	83	–	–	–	–	–	–
Sérskólar á framhaldsskólastigi <i>Specialised schools at upper secondary level</i>	639	668	644	678	960	3.571	3.923	352	9,9
Dagskóli <i>Day courses</i>	574	596	624	636	774	2.549	2.736	187	7,3
Kvöldskóli <i>Evening courses</i>	21	17	20	42	59	572	531	-41	-7,2
Fjarnám <i>Distance learning</i>	44	55	–	–	127	450	656	206	45,8
Tónlistarskólar á framhaldsskólastigi <i>Music schools at upper secondary level</i>	178	396	445	454	521	551	527	-24	-4,4
Dagskóli <i>Day courses</i>	178	396	445	454	521	551	527	-24	-4,4



Tafla 1. Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2003–2009 — lykiltölur (frh.)  
 Table 1. Registered students at the upper secondary and tertiary level in autumn 2003–2009 — key data (cont.)

	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	Mismunur frá 2008 <i>Difference from 2008</i>	Breyting, % frá 2008 <i>Change, % from 2008</i>
Sérskólar á háskólastigi <i>Specialised schools at tertiary level</i>	186	248	257	288	279	273	343	70	25,6
Dagskóli <i>Day courses</i>	149	164	179	201	199	186	222	36	19,4
Kvöldskóli <i>Evening courses</i>	37	47	43	47	34	42	54	12	28,6
Fjarnám <i>Distance learning</i>	–	37	35	40	46	45	67	22	48,9
Háskólar <i>Universities</i>	15.566	16.029	16.850	16.883	17.449	17.738	18.665	927	5,2
Dagskóli <i>Day courses</i>	13.130	12.925	14.145	14.335	14.719	14.328	14.370	42	0,3
Kvöldskóli <i>Evening courses</i>	417	390	163	149	–	115	315	200	173,9
Fjarnám <i>Distance learning</i>	2.019	2.714	2.542	2.399	2.730	3.295	3.980	685	20,8

**Skýringar** *Notes:* Tölur um skráða nemendur eru ekki að öllu leyti sambærilegar við endanlegar tölur úr nemendaskrá Hagstofu Íslands. Í þessum tölum eru nemendur sem stunda nám í tveimur skólum, í bæði dagskóla og kvöldskóla eða á tveimur námsbrautum tvítaldir en í nemendaskrá Hagstofunnar er hver nemandi aðeins talinn einu sinni. Á framhaldsskólastigi starfa menntaskólar, fjölbrautaskólar, (þ.m.t. framhaldsskólar, verkmenntaskólar og iðnskólar) og sérskólar. Sérskólar sem starfa aðallega á framhaldsskólastigi eru t.d. húsmæðraskólar og listdansskólar. Meðal sérskóla sem starfa aðallega á háskólastigi eru listaskólar. *These figures depict registered students. They are not fully comparable with final data from the Statistics Iceland student register since these data include double counts of students who study in two schools, both in day courses and in evening courses or in two lines of study.*

**Tafla 2. Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2009 eftir skólum, kyni og kennsluformi**  
*Table 2. Registered students at the upper secondary and tertiary level in autumn 2009 by school, sex and mode of teaching*

	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Dag- skóli <i>Day courses</i>	Kvöld- skóli <i>Evening courses</i>	Fjar- nám <i>Distance learning</i>
<b>Fjölbrautaskólar <i>Comprehensive schools</i></b>	<b>18.121</b>	<b>8.479</b>	<b>9.642</b>	<b>14.021</b>	<b>981</b>	<b>3.119</b>
Borgarholtsskóli	1.431	823	608	1.139	122	170
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	445	250	195	445	–	–
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	277	132	145	277	–	–
Fjölbrautaskóli Suðurlands	1.040	539	501	1.040	–	–
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	1.309	685	624	1.242	67	–
Fjölbrautaskóli Vesturlands	604	359	245	604	–	–
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	2.155	936	1.219	1.450	705	–
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	910	365	545	770	–	140
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	3.077	982	2.095	970	–	2.107
Flensborgarskóli	886	448	438	886	–	–
Framhaldsskólinn á Húsavík	155	59	96	155	–	–
Framhaldsskólinn á Laugum	114	56	58	114	–	–
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	352	204	148	286	–	66
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	82	43	39	72	10	–
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	327	158	169	327	–	–
Iðnskólinn í Hafnarfirði	625	336	289	625	–	–
Menntaskólinn á Egilsstöðum	430	164	266	332	–	98
Menntaskólinn á Ísafirði	345	179	166	345	–	–
Menntaskólinn í Kópavogi	1.491	737	754	1.378	77	36
Verkmenntaskóli Austurlands	260	108	152	260	–	–
Verkmenntaskólinn á Akureyri	1.806	916	890	1.304	–	502
<b>Menntaskólar <i>Grammar schools</i></b>	<b>7.127</b>	<b>2.931</b>	<b>4.196</b>	<b>6.028</b>	<b>221</b>	<b>878</b>
Kvennaskólinn í Reykjavík	593	170	423	593	–	–
Menntaskóli Borgarfjarðar	164	64	100	164	–	–
Menntaskólinn að Laugarvatni	151	73	78	151	–	–
Menntaskólinn á Akureyri	775	327	448	775	–	–
Menntaskólinn Hraðbraut	154	48	106	154	–	–
Menntaskólinn í Reykjavík	905	396	509	905	–	–
Menntaskólinn við Hamrahlíð	1.502	671	831	1.281	221	–
Menntaskólinn við Sund	772	375	397	772	–	–
Verslunarskóli Íslands	2.111	807	1.304	1.233	–	878
<b>Sérskólar með nám aðallega á framhaldsskólastigi</b>	<b>3.923</b>	<b>2.382</b>	<b>1.541</b>	<b>2.736</b>	<b>531</b>	<b>656</b>
<b><i>Specialised schools at upper secondary level</i></b>						
Danslistarskóli JSB	67	–	67	67	–	–
Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað	25	3	22	25	–	–
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	24	–	24	24	–	–
Keilir – Menntastofnun á Keflavíkurlugvelli	379	183	196	173	–	206
Klassíski listdansskólinn	25	–	25	25	–	–
Kvikmyndaskóli Íslands	132	74	58	132	–	–
Listdansskóli Íslands	47	8	39	47	–	–
Lögregluskólinn	15	10	5	15	–	–
Mímir – símenntun	101	4	97	–	101	–
Myndlistarskólinn í Reykjavík	22	4	18	22	–	–
Nuddskóli Íslands	18	–	18	–	18	–
Snyrtiskólinn	48	–	48	48	–	–
Tannsmiðaskóli Íslands	5	3	2	5	–	–
Tækniskólinn – skóli atvinnulífsins	3.015	2.093	922	2.153	412	450

Tafla 2. Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2009 eftir skólum, kyni og kennsluformi (frh.)  
 Table 2. *Regist. students at the upper sec. and tertiary level in autumn 2009 by school, sex and mode of teaching (cont.)*

	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Dag- skóli <i>Day courses</i>	Kvöld- skóli <i>Evening courses</i>	Fjar- nám <i>Distance learning</i>
<b>Tónlistarskólar með nám aðallega á framhaldsskólastigi</b>						
<b><i>Music schools at upper secondary level</i></b>	<b>527</b>	<b>197</b>	<b>330</b>	<b>527</b>	–	–
Allegro, Suzukitónlistarskólinn	3	2	1	3	–	–
Nýi tónlistarskólinn	23	4	19	23	–	–
Skólahljómsveit Austurbæjar	3	1	2	3	–	–
Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík	3	2	1	3	–	–
Söngskóli Sigurðar Demetz	27	10	17	27	–	–
Tónlistarskóli Austur-Héraðs	4	1	3	4	–	–
Tónlistarskóli Álftanes	3	2	1	3	–	–
Tónlistarskóli Árnesinga	11	3	8	11	–	–
Tónlistarskóli Borgarfjarðar	11	3	8	11	–	–
Tónlistarskóli Eyjafjarðar	3	–	3	3	–	–
Tónlistarskóli FÍH	60	45	15	60	–	–
Tónlistarskóli Garðabæjar	17	2	15	17	–	–
Tónlistarskóli Grindavíkur	3	–	3	3	–	–
Tónlistarskóli Hafnarfjarðar	30	10	20	30	–	–
Tónlistarskóli Húsavíkur	7	4	3	7	–	–
Tónlistarskóli Ísafjarðar	11	2	9	11	–	–
Tónlistarskóli Kópavogs	51	28	23	51	–	–
Tónlistarskóli Mosfellsbæjar	13	5	8	13	–	–
Tónlistarskóli Rangárvallasýslu	4	1	3	4	–	–
Tónlistarskóli Reykjanesbæjar	12	2	10	12	–	–
Tónlistarskóli Sandgerðisbæjar	1	1	–	1	–	–
Tónlistarskóli Seltjarnarness	15	5	10	15	–	–
Tónlistarskóli Seyðisfjarðar	1	1	–	1	–	–
Tónlistarskóli Skagafjarðar	1	–	1	1	–	–
Tónlistarskóli Vestmannaeyja	5	–	5	5	–	–
Tónlistarskólinn Akranesi	7	–	7	7	–	–
Tónlistarskólinn á Akureyri	20	6	14	20	–	–
Tónlistarskólinn í Grafarvogi	17	5	12	17	–	–
Tónlistarskólinn í Reykjavík	83	24	59	83	–	–
Tónlistarskólinn Stykkishólmi	7	2	5	7	–	–
Tónskóli Austur-Skaftafellssýslu	6	3	3	6	–	–
Tónskóli Eddu Borg	2	1	1	2	–	–
Tónskóli Sigursveins	50	15	35	50	–	–
Tónskóli Þjóðkirkjunnar	10	6	4	10	–	–
Tónskólinn Do Re Mi	3	1	2	3	–	–
<b>Sérskólar með nám aðallega á háskólastigi</b>						
<b><i>Specialised schools at tertiary level</i></b>	<b>343</b>	<b>146</b>	<b>197</b>	<b>222</b>	<b>54</b>	<b>67</b>
Flugstoðir	22	21	1	22	–	–
Hólaskóli	144	42	102	77	–	67
Myndlistaskólinn á Akureyri	62	18	44	62	–	–
Rafiðnaðarskólinn	54	53	1	–	54	–
Söngskólinn í Reykjavík	61	12	49	61	–	–

Tafla 2. Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2009 eftir skólum, kyni og kennsluformi (frh.)  
 Table 2. Regist. students at the upper sec. and tertiary level in autumn 2009 by school, sex and mode of teaching (cont.)

	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Dag- skóli <i>Day courses</i>	Kvöld- skóli <i>Evening courses</i>	Fjar- nám <i>Distance learning</i>
<b>Háskólar <i>Universities</i></b>	<b>18.665</b>	<b>7.036</b>	<b>11.629</b>	<b>14.370</b>	<b>315</b>	<b>3.980</b>
Endurmenntun Háskóla Íslands	66	28	38	–	66	–
Háskóli Íslands	12.785	4.279	8.506	10.365	–	2.420
Háskólinn á Akureyri	1.496	392	1.104	704	–	792
Háskólinn í Reykjavík	2.890	1.769	1.121	2.321	249	320
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	338	115	223	237	–	101
Listaháskóli Íslands	425	162	263	425	–	–
RES   Orkuskólinn	38	19	19	38	–	–
Viðskiptaháskólinn á Bifröst	627	272	355	280	–	347

**Tafla 3. Skráðir nemendur á framhalds- og háskólastigi haustið 2009 eftir stigi, almennu sviði og kyni**  
 Table 3. Registered students at the upper secondary and tertiary level in autumn 2009 by level, broad field and sex

	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
<b>Skráðir nemendur alls</b> <i>Total number of students</i>	<b>48.706</b>	<b>21.171</b>	<b>27.535</b>
<b>Framhaldsskólastig</b> <i>Upper secondary level</i>	<b>29.449</b>	<b>13.771</b>	<b>15.678</b>
Almennt nám <i>General programmes</i>	20.149	8.892	11.257
Menntun <i>Education</i>	191	1	190
Hugvísindi og listir <i>Humanities and arts</i>	2.365	777	1.588
Félagsvísindi, viðskipti og lögfræði <i>Social sciences, business and law</i>	431	151	280
Raunvísindi, stærðfræði og tölvunarfræði <i>Science, mathematics and computing</i>	267	255	12
Verkfræði, framleiðsla og mannvirkjagerð <i>Engineering, manufacturing and construction</i>	3.219	2.879	340
Landbúnaður og dýralækningar <i>Agriculture and veterinary</i>	176	62	114
Heilbrigði og velferð <i>Health and welfare</i>	1.142	91	1.051
Þjónusta <i>Services</i>	1.509	663	846
<b>Viðbótarstig</b> <i>Post-secondary non-tertiary education</i>	<b>1.031</b>	<b>729</b>	<b>302</b>
Almennt nám <i>General programmes</i>	20	6	14
Hugvísindi og listir <i>Humanities and arts</i>	9	2	7
Félagsvísindi, viðskipti og lögfræði <i>Social sciences, business and law</i>	79	40	39
Raunvísindi, stærðfræði og tölvunarfræði <i>Science, mathematics and computing</i>	61	37	24
Verkfræði, framleiðsla og mannvirkjagerð <i>Engineering, manufacturing and construction</i>	576	555	21
Landbúnaður og dýralækningar <i>Agriculture and veterinary</i>	6	6	–
Heilbrigði og velferð <i>Health and welfare</i>	35	–	35
Þjónusta <i>Services</i>	245	83	162
<b>Háskólastig</b> <i>First stage of tertiary education</i>	<b>17.912</b>	<b>6.537</b>	<b>11.375</b>
Menntun <i>Education</i>	2.794	504	2.290
Hugvísindi og listir <i>Humanities and arts</i>	2.613	910	1.703
Félagsvísindi, viðskipti og lögfræði <i>Social sciences, business and law</i>	6.729	2.712	4.017
Raunvísindi, stærðfræði og tölvunarfræði <i>Science, mathematics and computing</i>	1.401	864	537
Verkfræði, framleiðsla og mannvirkjagerð <i>Engineering, manufacturing and construction</i>	1.692	1.130	562
Landbúnaður og dýralækningar <i>Agriculture and veterinary</i>	115	43	72
Heilbrigði og velferð <i>Health and welfare</i>	2.294	299	1.995
Þjónusta <i>Services</i>	274	75	199
<b>Doktorsstig</b> <i>Second stage of tertiary education</i>	<b>314</b>	<b>134</b>	<b>180</b>
Menntun <i>Education</i>	48	17	31
Hugvísindi og listir <i>Humanities and arts</i>	56	22	34
Félagsvísindi, viðskipti og lögfræði <i>Social sciences, business and law</i>	50	22	28
Raunvísindi, stærðfræði og tölvunarfræði <i>Science, mathematics and computing</i>	74	45	29
Verkfræði, framleiðsla og mannvirkjagerð <i>Engineering, manufacturing and construction</i>	18	9	9
Landbúnaður og dýralækningar <i>Agriculture and veterinary</i>	3	1	2
Heilbrigði og velferð <i>Health and welfare</i>	65	18	47

**Skýringar** Notes: Nám er flokkað samkvæmt íslensku menntunarflokkuninni ÍSNÁM2008 og alþjóðlegu flokkuninni ISCED97. Programmes are classified according to the Icelandic classification of education ÍSNÁM2008 and the international classification ISCED97.

**Tafla 4. Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2009 eftir stigi, tegund og sviði**  
 Table 4. Registered students at the upper secondary and tertiary level in autumn 2009 by level, type and field

	Alls	Karlar	Konur	Dag- skóli	Kvöld- skóli	Fjar- nám
	Total	Males	Females	Day school	Evening school	Distance learning
<b>Skráðir nemendur alls</b> <i>Total number of students</i>	<b>48.706</b>	<b>21.171</b>	<b>27.535</b>	<b>37.904</b>	<b>2.102</b>	<b>8.700</b>
<b>Framhaldsskólastig</b> <i>Upper secondary level</i>	<b>29.449</b>	<b>13.771</b>	<b>15.678</b>	<b>23.383</b>	<b>1.523</b>	<b>4.543</b>
<b>Bóknám, undirbúningur fyrir háskólanám</b> <i>General education 3AG</i>	<b>13.924</b>	<b>6.173</b>	<b>7.751</b>	<b>12.736</b>	<b>336</b>	<b>852</b>
Almenn námsbraut	311	158	153	310	–	1
Félagsfræðibraut til stúdentsprófs	5.196	2.015	3.181	4.606	243	347
Frumgreinadeild	452	255	197	277	–	175
Hugvísindabraut til stúdentsprófs	25	4	21	25	–	–
International Baccalaureate	78	37	41	76	2	–
Málabraut til stúdentsprófs	1.253	294	959	1.175	34	44
Náttúrufræðibraut til stúdentsprófs	5.247	2.675	2.572	4.986	31	230
Upplýsinga- og tæknibraut til stúdentsprófs	8	8	–	7	1	–
Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum	178	82	96	143	23	12
Viðskipta- og hagfræðibraut til stúdentsprófs	1.176	645	531	1.131	2	43
<b>Starfsnám, undirbúningur fyrir háskólanám</b> <i>Vocational progr. 3AV</i>	<b>45</b>	<b>12</b>	<b>33</b>	<b>45</b>	<b>–</b>	<b>–</b>
Myndlist	45	12	33	45	–	–
<b>For-starfsnám, undirbúningur fyrir starfsnám á háskólastigi</b>						
<b>Pre-vocational programmes 3BP</b>	<b>663</b>	<b>200</b>	<b>463</b>	<b>663</b>	<b>–</b>	<b>–</b>
Hljóðfærleikur	418	169	249	418	–	–
Listdans	139	8	131	139	–	–
Söngur	106	23	83	106	–	–
<b>Almennt nám, undirbúningur fyrir nám á framhaldsskólastigi</b>						
<b>General education 3CG</b>	<b>5.863</b>	<b>2.482</b>	<b>3.381</b>	<b>2.752</b>	<b>443</b>	<b>2.668</b>
Almenn námsbraut	5.863	2.482	3.381	2.752	443	2.668
<b>For-starfsnám, undirbúningur fyrir starf</b> <i>Pre-vocational progr. 3CP</i>	<b>362</b>	<b>237</b>	<b>125</b>	<b>362</b>	<b>–</b>	<b>–</b>
Starfsbraut	362	237	125	362	–	–
<b>Starfsnám, undirbúningur fyrir starf</b> <i>Vocational programmes 3CV</i>	<b>8.592</b>	<b>4.667</b>	<b>3.925</b>	<b>6.825</b>	<b>744</b>	<b>1.023</b>
Bakaraiðn	9	7	2	9	–	–
Bifreiðasmíði	29	28	1	26	3	–
Bifvélavirkjun	165	154	11	145	4	16
Bílamálun	26	24	2	24	2	–
Bíliðnir grunnnám	155	144	11	150	5	–
Blikksmíði	7	5	2	3	4	–
Blómaskreytingar	8	1	7	8	–	–
Bókasafnstækni	10	–	10	–	–	10
Búfræði	74	39	35	44	–	30
Bygginga- og mannvirkjagreinar grunnnám	240	227	13	204	35	1
Fatatækni	75	3	72	74	–	1
Félagsliðabraut	197	23	174	42	93	62
Fjölmíðlatækni	68	42	26	64	–	4
Flugliðabraut	30	2	28	30	–	–
Flugstjórn	39	35	4	32	–	7
Fótaaðgerðafræði	14	–	14	14	–	–
Framreiðsla	17	11	6	17	–	–
Garðplöntufræði	7	1	6	1	–	6
Gull- og silfursmíði	24	5	19	24	–	–
Handiðabraut	71	2	69	65	6	–
Hársnyrtiðn	270	23	247	264	4	2
Hjúkrunar- og móttökuritarar	30	2	28	17	–	13
Hljóðtækni	12	11	1	12	–	–
Hrossabraut	76	13	63	76	–	–

Tafla 4. Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2009 eftir stigi, tegund og sviði (frh.)  
 Table 4. Registered students at the upper secondary and tertiary level in autumn 2009 by level, type and field (cont.)

	Alls	Karlar	Konur	Dag- skóli	Kvöld- skóli	Fjar- nám
	<i>Total</i>	<i>Males</i>	<i>Females</i>	<i>Day school</i>	<i>Evening school</i>	<i>Distance learning</i>
Húsasmíði	554	541	13	420	127	7
Húsgagnasmíði	25	18	7	16	9	–
Hússtjórn	49	3	46	49	–	–
Íþróttta- og lýðheilsbraut	2	2	–	2	–	–
Íþróttabraut starfsnám	466	304	162	351	6	109
Kjólasaumur	23	–	23	23	–	–
Kjötiðn	1	1	–	1	–	–
Klæðskurður	4	–	4	4	–	–
Kvikmyndagerð	132	74	58	132	–	–
Leiðbeinendur í leikskólum	153	1	152	76	50	27
Listir – breiðar námsleiðir	1.123	322	801	1.044	22	57
Ljósmyndun	21	7	14	21	–	–
Lyfjatækni	54	2	52	43	–	11
Lögreglunám	15	10	5	15	–	–
Matartækni	15	–	15	14	–	1
Matreiðsla	34	28	6	34	–	–
Matsveinanám	23	11	12	23	–	–
Matvælagreinar grunnnám	61	45	16	61	–	–
Málaraiðn	35	34	1	29	6	–
Málmiðnir grunnnám	303	285	18	271	32	–
Múraraíðn	29	29	–	25	3	1
Netagerð	7	7	–	7	–	–
Nettækni	1	1	–	1	–	–
Nudd	124	20	104	60	18	46
Pípulagnir	74	71	3	74	–	–
Prentsmíð/grafísk miðlun	23	7	16	19	1	3
Prentun	4	1	3	4	–	–
Rafeindavirkjun	31	29	2	30	–	1
Rafiðnir, grunnnám	579	554	25	514	60	5
Rafvirkjun	186	177	9	124	55	7
Rekstur fyrirtækja	4	1	3	–	–	4
Rennismíði	11	11	–	7	3	1
Sjúkraliðanám	715	43	672	384	103	228
Skipstjórn	196	186	10	106	1	89
